

Ytra mat grunnskóla

Nú

Febrúar 2020

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hafnarfjörð.

Höfundar: Sigríður Sigurðardóttir og Björg Jónsdóttir.

© Menntamálastofnun, 2020.

ISBN 978-9979-0-2403-3

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna.....	4
Stjórnun og fagleg forysta	4
Nám og kennsla.....	5
Innra mat.....	6
Skólaprófill	7
Upplýsingar um Nú.....	8
Niðurstöður.....	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla	13
2.1 Inntak og námskrá.....	13
2.2. Árangur náms.....	13
2.3 Gæði kennslu.....	15
2.4 Skipulag náms.....	15
2.5 Námsvitund	17
2.6 Ábyrgð og þátttaka.....	17
Þáttur 3 – Innra mat.....	19
3.1 Skipulag	19
3.2 Framkvæmd	19
3.3 Umbætur.....	19

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Nú í Hafnarfirði sem fór fram í lok haustannar 2019 og í janúar 2020. Teknir voru fyrir þrjár fyrirfram ákveðnir matsþættir, *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Ekki var óskað eftir fjórða matsþætti. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar:

- Stefnu og sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu og hún var sýnileg í vettvangsathugunum.
- Mikil áhersla er lögð á heilsu og heilsuefningu í skólastarfinu.
- Stjórnendur hafa miklar væntingar til náms nemenda og eru metnaðarfullir fyrir hönd skólans og nemenda.
- Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.
- Markviss stefnumótunarvinna fer fram meðal nemenda og starfsfólks í árlegum óvissuferðum að hausti.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Samskipti við foreldra og foreldrafélag eru góð og gagnvirk.
- Almenn ánægja var með skólann í foreldrakönnun MMS.
- Niðurstöður mats og mælinga eru nýttar til umbóta í skólastarfinu.
- Stjórnendur og starfsmenn vinna náið saman að umbótaverkefnum.
- Starfsmönnum er hrósað þegar við á.
- Í rýnihópum og foreldrakönnun MMS kom fram ánægja með störf stjórnenda.
- Stjórnendur og starfsmenn fá faglega handleiðslu með reglulegri markþjáfun.
- Starfsmannasamtöl fara fram tvisvar á ári og er niðurstaða þeirra skráð.
- Stjórnendur eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar.

Tækifæri til umbóta:

- Einfalda viðmiðunarstundaskrá og þau skjöl sem fylgja henni í starfsáætlun þannig að skýrt sé hvernig viðmiðum aðalnámskrár er fylgt.
- Allan virkan námstíma, þar með talið ferðalög, þarf að fjalla um í námsvísium og tengja við hæfniviðmið.
- Klára skólanámskrá samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár.
- Fullvinna og birta uppfærða starfsáætlun á heimasíðu árlega.
- Skrá fundargerðir á formlegum fundum í starfinu.
- Gæta þess að allir fulltrúar í skólaráði sitji tvö ár í ráðinu, ráðið setji sér vinnureglur og birti fundargerðir á heimasíðu. Huga að því hvernig ráðið er skipað.
- Skólaráð haldi opinn fund árlega fyrir skólasamfélagið.
- Gera áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur og skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur nemenda.
- Skrá verklag við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra og nemenda.

- Vinna símenntunaráætlun, skrá framgang þróunarvinnu reglulega og halda yfirlit um sí- og endurmenntun starfsmanna.
- Skólastjóri fylgist formlega og markvisst með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Uppfæra heimasíðu skólans þannig að þar komi fram réttar og hagnýtar upplýsingar.
- Setja fram í skólanámskrá hvað felst í jákvæðum skólabrag og vinna skólareglur samkvæmt reglugerð í samráði við alla hagsmuahópa og setja fram í starfsáætlun.
- Vinna rýmingaráætlun og fara vel yfir öryggismál út frá *Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum*.
- Vinna eineltisáætlun og fullgera og uppfæra forvarnaráætlun og jafnréttisáætlun.
- Vinna móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, nemendur með annað móðurmál en íslensku og nemendur með sérstakar þarfir.
- Skrá þau verkefni sem unnið er að og ábyrgðaraðila þeirra.
- Skrá ferla um lausn ágreiningsmála í starfsmannahópnum.
- Setja fram skipurit sem endurspeglar fyrirkomulagið í skólanum og vinna starfslýsingar.

Nám og kennsla

Styrkleikar:

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Námið er einstaklingsmiðað í gegnum vandinámið þar sem nemendur geta farið á sínum hraða í gegnum mismunandi námsefni.
- Fylgst er reglulega með stöðu nemenda í lestri og brugðist við eftir þörfum.
- Umsjónarkennarar veita nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu námsins og skrá framfarir.
- Allir nemendur nýta upplýsinatækni við nám sitt enda eru flest gögn nemenda á rafrænu formi.
- Vendikennslan ýtir undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.
- Nemendur hafa val um hvenær þeir vinna bóklegar greinar í lotum og læra þannig að skipuleggja nám sitt.
- Nemendur læra að setja sér markmið í námi og starfi.
- Nemendur kynna námsframvindu sína fyrir foreldrum sínum.
- Samskiptin í skólasamfélaginu eru almennt jákvæð.
- Nemendur tala um að allir séu vinir og að samvinna og stuðningur ríki innan hópsins.
- Reglulega er leitað eftir sjónarmiðum nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.
- Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum.

Tækifæri til umbóta:

- Fullgera þarf námsvísa fyrir alla árganga og allar greinar, þar með talið núveru, og birta á heimasíðu.
- Samræma kennsluáætlanir þar sem meðal annars þarf að tilgreina markmið, hæfniviðmið og námsmat og gera þær aðgengilegar foreldrum.
- Námsaðlögun og markmið náms þurfa að koma skýrt fram í námsvísu og kennsluáætlunum.
- Setja fram viðmið um árangur fyrir allar námsgreinar í námsvísu.

- Vinna áætlun um sérstakan stuðning.
- Vinna einstaklingsnámskrár fyrir þá nemendur sem þess þurfa í samráði við foreldra og tryggja þeim viðeigandi stuðning.
- Kanna, greina og vinna með þá þætti sem eru marktækt undir landsmeðaltali í nemendakönnun Skólapúlsins. Áfram þarf að vinna að bættum aga.
- Setja fram stefnu um aðgerðir til að auka árangur nemenda.
- Gera þarf ráð fyrir ferðatíma á milli húsa við stundatöflugerð.
- Huga að bættum námsaðstæðum nemenda svo þær styðji betur við sköpunarþörf þeirra.
- Tryggja nemendum góðan aðgang að fjölbreyttum námsgögnum.
- Skoða þarf skipulag skóladagsins þannig að tími nemenda nýtist sem best. Huga í því sambandi að lengd núveru.
- Skoða námstöður í samráði við nemendur og kanna hvort þeir geti alfarið valið sér sína stöðu til að vinna í. Huga að sérfræðiráðgjöf í þessu sambandi.
- Nýta þá þekkingu sem nemendur hafa úr markþjálfuninni enn betur þannig að nemendur beri meiri ábyrgð á að skipuleggja námsframvinduna.
- Skipuleggja námskynningar nemenda þannig að nemendum sé ávallt ljóst í hverju þær felast.
- Setja fram verklag um hvernig sjónarmiða nemenda um aðstæður þeirra, líðan og nám er aflað.
- Upplýsingar og ákvarðanir sem teknar eru af nefndum og ráðum, þar sem nemendur eiga fulltrúa, þurfa að vera öllum nemendum aðgengilegar.

Innra mat

Styrkleikar:

- Litið er á innra mat og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan þátt í starfinu.
- Verkáætlun fyrir innra mat liggur fyrir í starfsáætlun.
- Skólinn leggur reglulegar kannanir fyrir nemendur og foreldra.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Tækifæri til umbóta:

- Vinna þarf matsáætlun til nokkurra ára þar sem fram kemur að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Vinna nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið út frá langtímaáætlun. Fram eiga að koma matsþættir, tengsl við markmið skólans, viðmið um árangur, gagnaöflun, tímarammi og ábyrgðaraðilar.
- Stofna matsteymi þar sem fulltrúar helstu hagsmunahópa eiga sæti og hafa þannig aðkomu að framkvæmd innra mats skólans.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um þær og taka saman helstu styrkleika og tækifæri.
- Vinna umbótaáætlun þar sem unnið er áfram með tækifærin. Meðal annars eiga að koma fram umbótaáætlun, tímarammi og ábyrgðaraðilar og hvernig á að endurmeta árangur aðgerða.
- Áætlanir og greinargerðir er varða innra mat þarf að birta á heimasíðu.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum. Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Nú

Grunnskólinn Nú er sjálfstætt starfandi grunnskóli á unglingsstigi sem staðsettur er í Hafnarfirði. Skólinn var settur í fyrsta skipti haustið 2016 og er nú til húsa að Reykjavíkurvegi 50. Skólann sækja nemendur víðsvegar að af höfuðborgarsvæðinu þó flestir séu úr Hafnarfirði. Sérstök áhersla er lögð á íþróttir og vandinám og gildi skólans eru marksækni, íþróttamennska og umhverfisvitund. Námsgreinar eru kenndar í lotum sem eru að jafnaði þrjár vikur.

Skólaárið 2019-2020 eru 60 nemendur í skólanum.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	15	22	23
Fjöldi bekkjardeilda	1	1	1
Samkennsluhópar	Náttúrufræði og samfélagsfræði, íþróttir að hluta.		

Engir nemendur eru í skólanum með annað móðurmál en íslensku. Fjórir nemendur stunda nám á framhaldsskólastigi. Námsfni er aðlagð eftir þörfum fyrir þá sem þess þurfa en einstaklingsnámskrár hafa ekki verið gerðar.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	0	0	0

Starfsmenn Nú eru sjö talsins. Tveir stjórnendur starfa við skólann, skólastjóri sem sér um faglega hluta starfsins og rekstrarstjóri sem sér um rekstur. Tveir kennarar eru í 100% stöðu og er skólastjóri annar þeirra. Einn leiðbeinandi er í 100% stöðu við kennslu en hann stundar framhaldsnám á menntavísindasviði HÍ. Skólastjóri er kennaramenntaður og með meistarapróf í verkefnastjórnun. Rekstrarstjóri er þroskaþjálfari með meistaragráðu í stjórnun menntastofnana. Stundakennarar eru tveir og eru þeir báðir leiðbeinandur. Annar er með meistarapróf í tónlistarfræðum og hinn með BA gráðu í heimspeki. Námsráðgjafi er með viðveru í skólanum einn morgun í viku. Enginn sérkennari starfar við skólann. Stjórn skólans skipta eigendurnir þrír; skólastjóri, rekstrarstjóri og annar stundakennaranna. Skólinn starfar á undanþágu frá starfsleyfi vegna skorts á vöskum í kennslustofum.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum aðalnámskrár. Skólanámskrá er opinber á heimasíðu en er ekki fullkláruð og stenst ekki viðmið aðalnámskrár nema að hluta. Í námskránni eru sýn og stefnu skólans gerð skil en töluvert vantar upp gæði námsvísa sjá nánar í kaflanum um inntak og námskrá hér á eftir.

Starfsáætlun á heimasíðu er síðan 2016, matsmenn fengu senda nýrri starfsáætlun sem er í vinnslu og líkt og með skólanámskrá vantar töluvert upp á að áætlunin standist viðmið aðalnámskrár.

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að í daglegu tali og fréttáflutningi leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfinu. Í skólanum er lögð sérstök áhersla á íþróttir og heilsu, vandinám og umhverfismál og þeirri stefnu er haldið vel á lofti í starfinu. Stefna skólans er vel kynnt fyrir foreldrum og nemendum áður en þeir hefja nám við skólann. Stefnan var sýnileg á vettvangi og í rýnihópum kom fram að hún er rædd meðal allra starfsmanna. Nemendur taka einnig þátt í markvissri stefnumótunarvinnu í árlegum óvissuferðum að hausti þar sem meðal annars skólareglur og hvatakerfi hafa verið til umræðu.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að stjórnendur hafa miklar væntingar til náms nemenda og eru metnaðarfullir fyrir hönd skólans og nemenda hans. Fram kom að lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.

Starfsmannahópurinn er fámennur og starfsfólk vinnur náíð saman. Kennarar í fullu starfi eru þrír og skólastjóri er einn af þeim. Fagleg samræða fer að mestu fram á fundum, svokallaðir örfundir eru daglega áður en kennsla hefst og kennarafundir vikulega. Fundaáætlun fyrir skólaárið er til staðar en að sögn skólastjóra þarf að bæta skráningar á fundum.

Stjórnendur fylgjast með því að niðurstöður ytra gæðamats séu skráðar og ræddar og nýttar til að efla skólastarfið. Þeir eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar en símenntunaráætlun hefur ekki verið unnin. Yfirlit um menntun og sérhæfingu starfsmanna er fyrir hendi en ekki er haldið formlega utan um sí- og endurmenntun þeirra.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, bæði formleg og óformleg. Könnun var send út til allra foreldra í tengslum við ytra matið (hér á eftir vísað í sem könnun Menntamálastofnunar, MMS). Svarað var fyrir 80% nemenda skólans. 96% svarenda voru mjög eða frekar ánægðir með skólann og að sögn foreldra í rýnihópi er litið á þá sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku. Reglulega eru fundir með foreldrum og fram kom í viðtölum og rýnihópum að mæting á slíka fundi er

góð. Skólastjóri sagðist í viðtali leggja mikla áherslu á gott samstarf við foreldra og benti á að til dæmis væri leitað til foreldra til að halda fyrirlestra fyrir nemendur.

Lítillga er fjallað um formlegar samskiptaleiðir við foreldra í skólanámskrá. Foreldrafélag starfar við skólann og fram kom í viðtölum og rýnihópum að það er virkt. Skólaráð fundar reglulega og í því sitja skólastjóri og rekstrarstjóri sem fulltrúar kennara og almennra starfsmanna, þrír fulltrúar foreldra og tveir fulltrúar nemenda sem koma úr nemendaráði og eru báðir í 10. bekk. Í rýnihópum komu fram ábendingar um að í ráðinu sætu ekki fulltrúar kennara eða starfsmanna sem ekki væru stjórnendur eða eigendur. Fundargerðir skólaráðs eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans. Skólaráð hefur ekki haldið opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og mælt er til í reglugerð.¹ Ráðið hefur sett sér starfsáætlun en vinnureglur liggja ekki fyrir.

Fram kom hjá foreldrum í rýnihópum ábending um að fyrir hefði komið að erfitt væri að ná símasambandi við skólann. Skólastjóri sagði að ákveðin vandamál tengd símamálum hefðu komið upp í skólabyrjun sem búið væri að laga.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Nú tók til starfa haustið 2016 og er því á sínu fjórða starfsári. Skólastjóri sagði í viðtali að í raun væri skólinn eitt stórt þróunarverkefni þar sem unnið væri að þróun vandináms og rafræns námsefnis með áherslu á sjálfstæði og ábyrgð nemenda.

Stjórnendur og starfsmenn vinna náði saman að því að þróa skólastarfið. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsmenn leita til hvers annars þegar þeir þurfa á ráðgjöf að halda og skólastjóri sagði í viðtali að hann veitti ráðgjöf eftir þörfum og nefndi í því sambandi núveruna þar sem hann leiðbeinir nýjum kennurum. Þátttakendur sögðust einnig leita til námsrágjafa sem starfar sem verktaki við skólann.

Framgangur þróunarvinnu er ekki markvisst skráður og ekki er til skráð verklag um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur nemenda. Verklag um hvernig upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra og nemenda er ekki að finna í skólanámskrá.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur fá tilskilinn kennsludagafjölda samkvæmt skóladagatali. Í starfsáætlun er hlekkur á skjal sem nefnist viðmiðunarstundaskrá þar sem farið er yfir hvernig skólinn nær kröfum aðalnámskrár um heildarnámstíma. Það er erfitt að átta sig á skjalinu, þar eru til dæmis margar töflur með misvísandi upplýsingum. Ýmsar upplýsingar koma fram í viðmiðunarstundaskrá varðandi námið sem ekki er að finna í námsvísunum, til dæmis óvissuferð og hvernig núveran skiptist á milli námsgreina.

Almenn sátt ríkir um stjórn skólans, í rýnihópum kom fram ánægja með stjórnendur skólans og í foreldrakönnun MMS voru 96% sammála því að skólanum væri vel stjórnað. Í rýnihópum þeirra sem í skólanum starfa kom fram ánægja með skipulag daglegs starfs.

Leitast er við að leysa ágreiningsmál, ef þau koma upp, sem fyrst en ekki er til skráð ferli um lausn slíkra mála. Heimasíða skólans þarfnast endurbóta og uppfærslu, það kom fram í viðtölum og rýnihópum og við greiningu gagna. Sem dæmi má nefna að starfsáætlun á heimasíðu er gömul, erfitt er að finna skólanámskrá og gamalt heimilisfang er neðst á forsíðu.

¹ „Skólaráð skal setja sér starfsáætlun til eins skólaárs í senn, m.a. um tíðni funda, boðun þeirra og undirbúning. Skólastjóri boðar reglulega til funda. Skólaráð skal að lágmarki halda einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins“ nr. 1157/2008. Kafli 4.

Skólareglur eru ekki settar fram í starfsáætlun eða skólanámskrá nema í gegnum nýtt hvatakerfi sem farið var af stað með haustið 2019 og unnið var í samráði við nemendur. Þar safna nemendur annars vegar ákveðnum beltum sem umbunum og hins vegar er spjaldakerfi sem er reglu- og viðurlagahluti kerfisins. Skólastjóri sagði í viðtali að reglurnar og hvatakerfið væru enn í vinnslu. Viðurlagahlutinn er ekki í samræmi við reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.² Ekki er fjallað um hvað felst í jákvæðum skólabrag í skólanámskrá eða starfsáætlun.

Á vettvangi og í gögnum kom í ljós að betur þarf að huga að ýmsum öryggismálum, til dæmis er rýmingaráætlun ekki fullkláruð og huga þarf að endurmenntun vegna sundkennslu. Nemendur í rýnihópi sögðust hafa fengið kynningu og fyrirlestur um netöryggi og að vel væri fylgst með þeim málum. Fram kom hjá skólastjóra að forvarnaráætlun þarfnast uppfærslu. Eineltisáætlun er ekki fyrir hendi. Móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og nemendur með sérstakar þarfir liggja heldur ekki fyrir. Jafnréttisáætlun í starfsáætlun er ekki fullunnin. Áætlun um kannanir og skimanir um námsárangur og líðan sem lagðar eru fyrir liggur ekki fyrir.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Í rýnihópum kom fram að starfsmönnum er hrósað þegar við á og að starfsmannasamtöl eru tvisvar á ári og er niðurstaða þeirra skráð.

Skipurit liggur fyrir í starfsáætlun en það endurspeglar ekki fyrirkomulagið í skólanum. Stjórnendurnir tveir skipta með sér verkum þannig að skólastjóri sér um faglegu hlið skólastarfsins en rekstrarstjóri um reksturinn. Skólastjóri sinnir sjálfur fullri kennslu en segist í viðtali fylgast með námi og kennslu hjá hinum kennurunum en þó ekki formlega. Starfslýsingar liggja ekki fyrir.

1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri hvetur samstarfsfólk til starfsþróunar og í viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsfólki finnst það njóta trausts. Mikil áhersla er á heilsueflingu í skólanum, bæði fyrir nemendur og starfsfólk enda er það eitt af áhersluatriðum skólans. Allir fara reglulega í markþjálfun, bæði nemendur og starfsfólk. Skólastjóri og rekstrarstjóri kenna markþjálfun en einnig koma tveir utan að komandi markþjálfar inn í skólann.

Allir eru upplýstir um þau verkefni sem fyrir liggja en ekki liggur fyrir skráning á verkefnum eða ábyrgðaraðilum þeirra.

Styrkleikar:

- Stefnu og sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu og hún var sýnileg í vettvangsathugunum.
- Mikil áhersla er lögð á heilsu og heilsueflingu í skólastarfinu.
- Stjórnendur hafa miklar væntingar til náms nemenda og eru metnaðarfullir fyrir hönd skólans og nemenda.
- Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.
- Markviss stefnumótunarvinna fer fram meðal nemenda og starfsfólks í árlegum óvissuferðum að hausti.

² „Óheimilt er að nota skráningarkerfi á þann hátt að uppsafnaðir refsipunktur leiði sjálfvirk til agaviðbragða.“ Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Samskipti við foreldra og foreldrafélag eru góð og gagnvirk.
- Almenn ánægja var með skólann í foreldrakönnun MMS.
- Niðurstöður mats og mælinga eru nýttar til umbóta í skólastarfinu.
- Stjórnendur og starfsmenn vinna náið saman að umbótaverkefnum.
- Starfsmönnum er hrósað þegar við á.
- Í rýnihópum og foreldrakönnun MMS kom fram ánægja með störf stjórnenda.
- Stjórnendur og starfsmenn fá faglega handleiðslu með reglulegri markþjáfun.
- Starfsmannasamtöl fara fram tvisvar á ári og er niðurstaða þeirra skráð.
- Stjórnendur eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar.

Tækifæri til umbóta:

- Einfalda viðmiðunarstundaskrá og þau skjöl sem fylgja henni í starfsáætlun þannig að skýrt sé hvernig viðmiðum aðalnámskrár er fylgt.
- Allan virkan námstíma, þar með talið ferðalög, þarf að fjalla um í námsvísunum og tengja við hæfniviðmið.
- Klára skólanámskrá samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár.
- Fullvinna og birta uppfærða starfsáætlun á heimasíðu árlega.
- Skrá fundargerðir á formlegum fundum í starfinu.
- Gæta þess að allir fulltrúar í skólaráði sitji tvö ár í ráðinu, ráðið setji sér vinnureglur og birti fundargerðir á heimasíðu. Huga að því hvernig ráðið er skipað.
- Skólaráð haldi opinn fund árlega fyrir skólasamfélagið.
- Gera áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur og skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur nemenda.
- Skrá verklag við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra og nemenda.
- Vinna símenntunaráætlun, skrá framgang þróunarvinnu reglulega og halda yfirlit um sí- og endurmenntun starfsmanna.
- Skólastjóri fylgist formlega og markvisst með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Uppfæra heimasíðu skólans þannig að þar komi fram réttar og hagnýtar upplýsingar.
- Setja fram í skólanámskrá hvað felst í jákvæðum skólabrag og vinna skólareglur samkvæmt reglugerð í samráði við alla hagsmuahópa og setja fram í starfsáætlun.
- Vinna rýmingaráætlun og fara vel yfir öryggismál út frá *Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum*.
- Vinna eineltisáætlun og fullgera og uppfæra forvarnaráætlun og jafnréttisáætlun.
- Vinna móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, nemendur með annað móðurmál en íslensku og nemendur með sérstakar þarfir.
- Skrá þau verkefni sem unnið er að og ábyrgðaraðila þeirra.
- Skrá ferla um lausn ágreiningsmála í starfsmannahópnum.
- Setja fram skipurit sem endurspeglar fyrirkomulagið í skólanum og vinna starfslýsingar.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Menntastefna stjórnvalda endurspeglast almennt í störfum skólans og borin er virðing fyrir fjölbreytileika nemenda og mismunandi þörfum. Einkunnarorð skólans eru marksækni, íþróttamennska og umhverfisvitund. Sérstaða skólans byggir á vendikennslu og lotukerfi þar sem teknar eru fyrir ákveðnar námsgreinar í um það bil þrjár vikur í senn. Kennsluáætlanir eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans en nemendur hafa aðgang að þeim í gegnum Google Classroom. Námsvísar eru í drögum á heimasíðu en töluvert vantar upp á að þeir séu fullunnir. Ekkert er til dæmis fjallað um list- og vergreinar eða núveruna. Námsvísar og kennsluáætlanir gefa ekki nægjanlegar upplýsingar þannig að grunnþáttum menntunar, lykilhæfni, námsaðlögun og námsmati séu gerð góð skil.

Fram kom í viðtölum og rýnihópum að þarfir nemenda eru mjög ólíkar. Fjallað er almennt um sérstakan stuðning í starfsáætlun en sérstök áætlun hefur ekki verið unnin. Hvorki sérkennarar né stuðningsfulltrúar starfa við skólann. Einstaklingsnámskrár hafa ekki verið gerðar en námsefni er aðlagð að þörfum nemenda. Á vettvangi sást að búið var að aðlaga kennsluáætlanir og námsefni fyrir nemendur sem þurftu meira efni sem og þá sem þurftu minna í gegnum vendinámið og einnig að nemendur tóku ekki allir sömu prófin.

2.2. Árangur náms


Reglulega er fylgst með námsárangri og hann skráður í Námfús og niðurstöður nýttar til að koma til móts við þarfir nemenda. Skólinn nýtir ekki Lesferilpróf Menntamálastofnunar en nemendur eru prófaðir með Logos prófum eftir þörfum og unnið er markvisst með þær niðurstöður. Stefna um aðgerðir til að auka árangur nemenda hefur ekki verið unnin.

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60 og meðaltalið er 30.


Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk í stað 10. bekkjar og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda í Nú í samræmdum prófum má sjá hér að neðan.

Árangur nemenda var um landsmeðaltal síðasta ár í íslensku og stærðfræði og aðeins undir í ensku (sjá mynd 1).



Mynd 1. Árangur nemenda í 9. bekk í samræmdum könnunarprófum.

Síðasta árið sem samræmd könnunarpróf voru haldin í 10. bekk var eina árið sem nemendur Nú tóku prófin í 10. bekk. Þá var árangur í ensku og íslensku um landsmeðaltal en aðeins yfir í stærðfræði (sjá mynd 2).



Mynd 2. Árangur nemenda í 10. bekk í samræmdum könnunarprófum.


Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. 20 matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Svör nemenda skólans eru sambærileg og svör annarra nemenda sem taka þátt á 16 af þessum 20 þáttum. Þeir fjórir þættir sem skera sig frá eru allir marktækt undir landsmeðaltali en það eru þættirnir ánægja af lestri, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi og agi í tímum.

Eins og áður hefur komið fram eru námsvísar ekki fullkláraðir og því liggja ekki fyrir viðmið um árangur fyrir allar námsgreinar.

2.3 Gæði kennslu

Í störfum kennara endurspeglast stefna og markmið skólans um kennsluhætti og var það sýnilegt á vettvangi. Kennarar sýndu almennt fagmennsku og vandinámið var vel skipulagt í gegnum forritið Google Classroom. Á vettvangi sást að það tók suma nemendur langan tíma að koma sér að verki og töluverður órói var í nokkrum tímum. Í nemendakönnun Skólapúlsins er, eins og fram kom hér að framan, agi í tímum marktækt lægri en landsmeðaltal og nemendur kvarta undan agaleysi í opnum spurningum. Í kennslustundum þar sem nemendur gátu valið sér námsgrein og unnið samkvæmt áætlun sást að nemendur nýttu tímann misvel og virtust kennarar ekki eiga gott með að hafa yfirsýn yfir vinnusemi nemenda. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að unnið er að umbótum í agamálum. Á vettvangi var farið í 18 kennslustundir hjá öllum föstum kennurum skólans og voru flestar kennslustundirnar metnar góðar en í nokkrum stundum voru nokkrir mikilvægir þættir sem hefði þurft að bæta.

Nemendum var almennt ekki gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda en hæfnivið voru sýnileg í Google Classroom. Kennslustundir eru flokkaðar í þrjá flokka, fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af þessum tveimur flokkum. Fræðandi kennslustundir er þegar nemendur vinna í vinnubækur, kennari spyr og stýrir kennslu. Í leiðbeinandi kennslu er lausnarleit nemenda í forgrunni, rökhugsun og opin og skapandi verkefni. Langflestar kennslustundirnar á vettvangi eða 72% voru metnar fræðandi en 6% voru leiðbeinandi.




2.4 Skipulag náms

Kennarar vinna vel saman að skipulagi náms og kennslu en þeir skipta með sér námsgreinum og umsjón á þá þrjá árganga sem í skólanum eru. Á vettvangi mátti sjá mikið flæði milli kennslustofa og mikla samvinnu kennara. Bóklega námið er að mestu skipulagt sem sjálfstætt nám í formi vendikennslu en

brotið upp með fjölbreyttum verkefnum. Umsjónarkennari fylgist með framförum nemenda og allt námsmat er skráð í kerfið Námfús. Reglulegir samráðsfundir með foreldrum eru haldnir þar sem farið er yfir nám og líðan. Kennarar og námsráðgjafi huga að líðan nemenda og í rýnihópum kom fram að smæð skólans gerði það að verkum að auðvelt er að fylgjast með nemendum og boðleiðir stuttar.

Kennslustundir eru einnig skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Í vettvangsathugunum var stærsti hluti námsins einstaklingsvinna eða 83%, samvinna var 11% og blanda af þessu tvennu í 6% kennslustunda.



Skóladagurinn byrjar klukkan 9:00 nema í desember og janúar þá byrjar skólinn klukkustund síðar. Á vettvangi var erfitt að átta sig á skipulagi skóladagsins, hvenær nemendur voru í pásu og hvenær vinna átti að hefjast. Ábendingar komu fram í rýnihópum og foreldrakönnun MMS um að huga þyrfti betur að þessum málum.

Allir morgnar í Nú hefjast á 30 mínútna núveru sem er blanda af slökun, jóga og núvitund og sáust á vettvangi mismunandi slíkir tímar og áttu nemendur stundum erfitt með einbeitingu alla kennslustundina.

Allir nemendur skólans fá tölvu til afnota og bera nemendur ábyrgð á þeim. Nemendur eru þjálfaðir í að nota tölvurnar í náminu og þannig er ýtt undir sjálfstæði þeirra og ábyrgð. Nemendur notuðu snjalltæki í 67% þeirra stunda sem fylgst var með á vettvangi og kennarar í 61% stundanna. Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum.

Kennslustofurnar eru skipulagðar þannig að hópurinn skiptist á að sitja við borð, liggja á dýnu á gólfi eða standa við borð í hærri stöðu. Þetta er gert til að nemendur breyti reglulega um vinnustöðu og geta nemendur valið sér fyrstu stöðuna en svo er breytt eftir 25 mínútur í hverri stöðu. Á vettvangi sást að þegar skiptingar fóru fram varð talsvert rót á náminu og sumir voru lengi að koma sér aftur að verki. Nemendur voru einnig töluvert uppteknir af þessum skiptingum og í sumum tímum spurðu þeir kennarana ítrekað um hvenær ætti að skipta.

Námsgögn nemenda er að mestu á rafrænu formi en að öðrum kosti hafa nemendur ekki aðgang að fjölbreyttum námsgögnum. Hefðbundið bókasafn er ekki í skólanum en kennarar hafa útbúið lítið rými þar sem nemendur hafa aðgang að bókum. Nám og aðstæður í skólanum styðja ekki við sköpunarþörf nemenda, skólahúsnæðið er ekki fullklára og umhverfið dálítið hrátt. Nánast öll list- og verkgreinakennsla fer fram í húsnæði Tækniskólans sem er í næsta nágrenni skólans. Heimilisfræðikennsla fer fram í Flensborgarskóla, íþróttatímar eru í íþróttahúsi Bjarkar og sundkennsla fer fram í Suðurbæjarlaug. Ekki er alls staðar gert ráð fyrir ferðatíma í stundaskrá nemenda.

2.5 Námsvitund

Nám nemenda tekur mið af námskrá en skólinn er sniðinn að þörfum nemenda sem stunda íþróttir og hafa áhuga á heilsu og námið tengist því þessum þáttum. Kennslan byggir á vandinámi eins og áður sagði og gerir það að verkum að nemendur læra að þekkja styrkleika sína í náminu og stýra því sjálfir. Í kennsluáætlunum áætla kennarar efni fyrir nemendur en nemendur áætla sér ekki sjálfir. Nemendur setja sér hin ýmsu markmið í gegnum markþjálfun sem fer reglulega fram í skólanum og eru það ýmist markmið tengd íþróttum, náminu eða öðru sem nemandinn velur.

Nemendur virtust almennt áhugasamir um námið en virkni þeirra í tímum var mismikil. Í rýnihópi kennara kom fram að í foreldraviðtölunum kynni nemendur sjálfir námsframvindu sína fyrir foreldrum til að þeir hafi rétta mynd af námsstöðu sinni. Foreldrar í rýnihópi voru ánægðir með þetta fyrirkomulag en bentu á að betur hefði þurft að undirbúa nemendur fyrir þessa kynningu.

Á vettvangi sáust nemendur vinna sjálfstætt þar sem þeir gátu valið námsgrein og nýtt sér lista frá kennurum yfir verkefni sem eftir var að vinna. Nemendur nýttu tæknina, leituðu að upplýsingum og notuðu myndbönd frá kennurum í vandináminu.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að samskiptin í skólasamfélaginu eru jákvæð. Fram kom að stuðningur og samvinna ríkir innan nemendahópsins og að allir væru vinir. Nemendur hafa tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum um líðan og félagslegar aðstæður á framfæri og einnig um aðbúnað og nám. Í rýnihópum kom fram að boðleiðir væru stuttar og að tekið væri tillit til sjónarmiða nemenda en ekki er til skráð og opinbert verklag um það hvernig þessu er háttað.

Nemendur kjósa fulltrúa í stjórn nemendafélags og eiga fulltrúa í skólaráði en fram kom hjá nemendum að gera þyrfti ákvarðanir sem teknar eru í þessum ráðum aðgengilegar fyrir aðra nemendur.

Í vettvangsathugunum mátti sjá að nemendur geta í kennslustundum valið hvenær þeir vinna þær bóklegu greinar sem liggja fyrir í lotunni hverju sinni. Innan námsgreinanna er minna val fyrir utan ensku og dönsku þar sem nemendur geta valið á milli verkefna.

Styrkleikar:

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Námið er einstaklingsmiðað í gegnum vandinámið þar sem nemendur geta farið á sínum hraða í gegnum mismunandi námsefni.
- Fylgst er reglulega með stöðu nemenda í lestri og brugðist við eftir þörfum.
- Umsjónarkennarar veita nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu námsins og skrá framfarir.

- Allir nemendur nýta upplýsinatækni við nám sitt enda eru flest gögn nemenda á rafrænu formi.
- Vendikennslan ýtir undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.
- Nemendur hafa val um hvenær þeir vinna bóklegar greinar í lotum og læra þannig að skipuleggja nám sitt.
- Nemendur læra að setja sér markmið í námi og starfi.
- Nemendur kynna námsframvindu sína fyrir foreldrum sínum.
- Samskiptin í skólasamfélaginu eru almennt jákvæð.
- Nemendur tala um að allir séu vinir og að samvinna og stuðningur ríki innan hópsins.
- Reglulega er leitað eftir sjónarmiðum nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.
- Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum.

Tækifæri til umbóta:

- Fullgera þarf námsvísa fyrir alla árganga og allar greinar, þar með talið núveru, og birta á heimasíðu.
- Samræma kennsluáætlanir þar sem meðal annars þarf að tilgreina markmið, hæfniviðmið og námsmat og gera þær aðgengilegar foreldrum.
- Námsaðlögun og markmið náms þurfa að koma skýrt fram í námsvísu og kennsluáætlunum.
- Setja fram viðmið um árangur fyrir allar námsgreinar í námsvísu.
- Vinna áætlun um sérstakan stuðning.
- Vinna einstaklingsnámskrár fyrir þá nemendur sem þess þurfa í samráði við foreldra og tryggja þeim viðeigandi stuðning.
- Kanna, greina og vinna með þá þætti sem eru marktækt undir landsmeðaltali í nemendakönnun Skólapúlsins. Áfram þarf að vinna að bættum aga.
- Setja fram stefnu um aðgerðir til að auka árangur nemenda.
- Gera þarf ráð fyrir ferðatíma á milli húsa við stundatöflugerð.
- Huga að bættum námsaðstæðum nemenda svo þær styðji betur við sköpunarþörf þeirra.
- Tryggja nemendum góðan aðgang að fjölbreyttum námsgögnum.
- Skoða þarf skipulag skóladagsins þannig að tími nemenda nýtist sem best. Huga í því sambandi að lengd núveru.
- Skoða námstöður í samráði við nemendur og kanna hvort þeir geti alfarið valið sér sína stöðu til að vinna í. Huga að sérfræðiráðgjöf í þessu sambandi.
- Nýta þá þekkingu sem nemendur hafa úr markþjálfuninni enn betur þannig að nemendur beri meiri ábyrgð á að skipuleggja námsframvinduna.
- Skipuleggja námskynningar nemenda þannig að nemendum sé ávallt ljóst í hverju þær felast.
- Setja fram verklag um hvernig sjónarmiða nemenda um aðstæður þeirra, líðan og nám er aflað.
- Upplýsingar og ákvarðanir sem teknar eru af nefndum og ráðum, þar sem nemendur eiga fulltrúa, þurfa að vera öllum nemendum aðgengilegar.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að litið er á innra mat og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan og sjálfsgöðan þátt í skólastarfinu. Í starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starfið og þar er að finna verkáætlun fyrir innra mat. Matsáætlun til nokkurra ára hefur ekki verið unnin og nákvæm matsáætlun fyrir skólaárið liggur ekki fyrir.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð skólastjóra en ekkert matsteymi starfar við skólann. Innra mat skólans byggist á könnunum sem skólinn leggur fyrir nemendur og foreldra og einnig eru kannanir Skólapúlsins lagðar fyrir nemendur. Að öðru leyti er innra mat skólans óformlegt þar sem meðal annars er stuðst við niðurstöður úr starfsmanna- og foreldraviðtölum.

3.3 Umbætur

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að þegar niðurstöður kannana liggja fyrir eru þær kynntar og ræddar með starfsfólki og skólaráði. Fram kom að unnið er með þá þætti sem þarfnast umbóta og var hvatakerfið sem nýlega var farið af stað með fyrir nemendur nefnt sem dæmi um slíkt. Skólastjóri sagði í viðtali að umbótaáætlun sé gerð en hún liggur ekki fyrir í starfsáætlun eða á heimasíðu og matsmenn fengu hana ekki senda.

Styrkleikar:

- Litið er á innra mat og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan þátt í starfinu.
- Verkáætlun fyrir innra mat liggur fyrir í starfsáætlun.
- Skólinn leggur reglulegar kannanir fyrir nemendur og foreldra.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Tækifæri til umbóta:

- Vinna þarf matsáætlun til nokkurra ára þar sem fram kemur að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Vinna nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið út frá langtímaáætlun. Fram eiga koma matsþættir, tengsl við markmið skólans, viðmið um árangur, gagnaöflun, tímarammi og ábyrgðaraðilar.
- Stofna matsteymi þar sem fulltrúar helstu hagsmunahópa eiga sæti og hafa þannig aðkomu að framkvæmd innra mats skólans.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um þær og taka saman helstu styrkleika og tækifæri.

- Vinna umbótaáætlun þar sem unnið er áfram með tækifærin. Meðal annars eiga að koma fram umbótaáætlunir, tímarammi og ábyrgðaraðilar og hvernig á að endurmeta árangur áætlunar.
- Áætlanir og greinargerðir er varða innra mat þarf að birta á heimasíðu.